



Velferðarráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir

Kópavogi, 6. september 2024

Efni: Styrkbeiðni frá Kvennaathvarfi

Með tölvupósti dags. 3. september 2024 óskaði Kvennaathvarfið eftir áframhaldandi rekstrarstyrk frá Kópavogsbæ vegna ársins 2025. Óskað var eftir 2.000.000 kr.

Kvennaathvarfið býður upp á margvíslega aðstoð og stuðning til kvenna og barna sem búa við ofbeldi og er eftir rekstur til 40 ára orðið ómissandi hluti þeirra þjónustu sem þolendum ofbeldis stendur til boða í samfélaginu.

Samtök um kvennaathvarf reka nú tvö athvörf, í Reykjavík og á Akureyri og eru þau sem nýta sér þjónustu athvarfanna fjölbreyttur hópur þolenda, aðstandenda og fagaðila alls staðar að af landinu.

Undanfarin ár hefur Velferðarráð Kópavogs styrkt Kvennaathvarfið árlega með rekstrarstyrk og á árinu 2024 var veittur styrkur að upphæð 1.250.000kr. Í fjárhagsáætlun velferðarsviðs fyrir árið 2024 var gert ráð fyrir samtals 5 milljónum króna til styrktar félagasamtaka. Ekki hefur verið lokið við fjárhagsáætlunargerð ársins 2025 en gert er ráð fyrir að um sömu upphæð verði að ræða á árinu 2025.

Virðingarfyllst
f.h. velferðarsviðs Kópavogs,

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Verkefnastjóri

1. Fylgiskjal – Beiðni um rekstrarstyrk 2025

